

"Eg gjörist nú gamall og þungfættur", mælti Dextry, "og því illa lagaður til að hlaupa; en eg viðurkenni ekki, að eg sé of gamall til að gefa vel útilátið kjaftshögg, ef einhver mælist til að fá það". Hann gekk mjög léttilega, þó stúlkan sæi í hálfbirtunni, að hann var grár fyrir hærum.

"Hvað meinið þér?" spurði hún hvatlega.

"Hlaupið þér á brott, ungfrú; við skulum leika við þá, þar til þér eruð komnar á skipsfjöl. Þau gengu að bryggjuhúsinu og höfðu það að bakhjarli. Stúlkan fylgdist með þeim.

Aftur lét kallpípan til sín heyra, og yfirmaður eimskipsins hrópaði: "Leysið landfestar!"

"Ó, við missum af skipinu!" mælti stúlkan skelkuð, og virtist Glenister hún kvíða því meir en komu mannanna, er nú nálguðust þau.

"Þú getur komist út í skipið", sagði hann hranalega. "Þú getur orðið fyrir meiðslum, ef þú bíður hér. Farðu, og kærðu þig ekki um okkur. Við höfum verið þrjátíu daga á sævarblakki (skipi) og langar í dálitinn dansleik á þurru landi." Drengjaleg fjör-kæti lýsti sér í rödd hans, og leit út fyrir, að hann fagnaði mjög voninni um handalögmál. Í sömu svipan komu sjómennirnir út úr myrkrinu og réðust þegar á þá.

Fyrstu augnablikin sáuust að eins mannaþúkar kastast til og frá; hnefahögg skella á skrokkum þessum; síðan greiddist úr þvögunni og menn féllu þungt til jarðar. Aftur gjörðu sjómennirnir áhlaup. Þeir sóttu Dextry af bræði mikilli, en festu ekki hönd á honum; karl var snar í snúningum og fljótur